



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 21. nóvember 2024

MSS24080081

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um símalausa skóla

Á fundi borgarráðs, 22. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er upplýsinga um alla þá grunnskóla í Reykjavík sem eru sérstaklega skilgreindir símalausir skólar.

Svar:

Spurningavagn var sendur til skólastjóra grunnskóla í október 2024. Í spurningavagninum var eftirfarandi spurning til skólastjóra grunnskóla: *Er þinn skóli símalaus? Í því felst að símanotkun nemenda er óheimil á skólatíma.* Svör bárust frá 38 skólum; 26 sögðu já eða tæp 70% en 12 eða rúm 30% sögðu nei.

Þegar svörin voru greind eftir hverfum eða miðstöðvum kemur fram að í Austurmiðstöð segja 9 skólastjórar já en 6 að skólinn sé ekki símalaus, í Norðurmiðstöð segja 8 já og 3 nei, í Suðurmiðstöð segja 3 já og 2 nei og í Vesturmiðstöð 6 já en aðeins 1 nei við spurningunni um símalausan skóla.

Í opinni spurningu til þeirra sem segjast vera með símalausan skóla var spurt: *Hvernig er símabanninu framfylgt og hvernig hefur gengið að fylgja því eftir?* Í flestum svörum kom fram að vel hefði gengið að framfylgja símabanninu. Reglurnar varðandi símanotkun væru á þá leið að slökkt ætti að vera á símunum og að þeir ættu að vera í töskum nemenda á skólatíma en að ef nemendur gleymdu sér og hefðu símana uppi við, minntu kennarar þá á reglurnar og bentu nemendum á að setja símana í töskur sínar. Í þeim tilvikum þar sem nemendur fylgdu ekki fyrirmælum um að setja símana í töskurnar væru símarnir teknir af þeim og hringt í foreldra og þeir beðnir um að sækja símana. Nokkrir skólastjórar nefndu að það skipti máli að reglur um símanotkun hefðu verið samdar í samráði við nemendur og jafnvel foreldra og það skipti miklu máli varðandi vilja nemenda til að framfylgja þeim. Einn skóli nefndi að nemendur og foreldrar hefðu skrifað undir sérstakan samning varðandi símanotkunina sem hjálpaði mikið til við að reglunum væri framfylgt en ekki var spurt um þetta atriði sérstaklega svo að vera má að þetta sé gert í fleiri skólum.



Reykjavík